

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um starfshætti og umfang þeirrar kvótamiðlunar sem Landssamband íslenskra útvegsmanna rekur á eigin kostnað?
2. Telur ráðuneytið það standast lög að samtök hagsmunaaðila annist slíka starfsemi og láti félagsmenn greiða kostnaðinn óháð því hvort þeir nýta sér þjónustuna?
3. Ber útgerðum sem eiga í viðskiptum með aflaheimildir, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna sér um sölu og skipti á, að skrá heildarmarkaðsverðmæti afla og aflaheimilda í bókhaldi sínu?